

## **Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTR), kt. 690310-0820 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:**

### **1. Tilgangur**

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig MTR uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

### **2. Hlutverk og megináherslur**

Menntaskólinn á Tröllaskaga er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi MTR þjóna því.

Menntaskólinn á Tröllaskaga var stofnaður haustið 2010 og því er skólinn í mótun. Meginmarkmið tengjast námskrá framhaldsskóla en auk þess sérkennum skólans sem felast í einkunnarorðum hans: Frumkvæði – Sköpun – Áræði.

#### **Frumkvæði**

Nemendur og starfsmenn sýni frumkvæði í störfum sínum, komi með hugmyndir að viðfangsefnum og útfæri þau með því að

- ▲ nemendur skilgreini stærri viðfangsefni, útfæri þau og leysi í samstarfi við skólann.
- ▲ starfsmenn komi með hugmyndir að uppbyggingu skólans og útfæri þær.

#### **Sköpun**


Nemendur og starfsmenn séu skapandi í starfi sínu sem felst í því að

- ▲ skapa list sem sýnd er í skólanum og samfélaginu
- ▲ hafa áhrif á nærumhverfi skólans innan og utan á skapandi hátt
- ▲ sýna sköpun í viðfangsefnum sínum í skólanum sem sagt er frá á heimasíðu eða í fréttamiðlum.

**Áræði**

Nemendur og starfsmenn sýni áræði með því að ganga ekki bara troðnar slóðir heldur útfæri verk á annan hátt en hefðbundið er sem felst í því að

- ▲ leysa verkefni tengd samfélaginu eða í samstarfi við aðila utan skólans
- ▲ leysa viðfangsefni sem reyna á samskipti við aðila utan skólans til upplýsingaöflunar eða miðlunar.

**Stjórnskipan skólans**

Í skólanum er skólameistari í fullu starfi og undir hann heyra aðstoðarskólameistari sem jafnframt er áfangastjóri í 50% starfi og fjármálastjóri í 25% starfi.

**3. Viðfangsefni**

Menntaskólinn á Tröllaskaga stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

**a. Skólanámskrá og námsframboð**

Skólanámskrána má sjá á vef skólans [www.mtr.is](http://www.mtr.is).

Skólinn býður upp á nám á eftirtöldum brautum ([www.mtr.is/is/namid](http://www.mtr.is/is/namid)) og eru námseiningar í samræmi við nýja námskrá:

- ▲ Félags- og hugvísindabraut (200 einingar)
- ▲ Fisktæknibraut (100/200 einingar)
- ▲ Íþrótt- og útivistarbraut (200 einingar)
- ▲ Listabraut (myndlist/listljósmyndun/tónlist) (200 einingar)
- ▲ Náttúruvísindabraut (200 einingar)
- ▲ Starfsbraut (200 einingar)
- ▲ Umhverfis- og auðlindabraut (fjarnám 200 einingar)

**b. Skólabragur**

Á vef Menntaskólans á Tröllaskaga [www.mtr.is](http://www.mtr.is) er að finna eftirfarandi þætti er snúa að skólabrag og réttindum og skyldum nemenda og starfsmanna:

- ▲ umgengnisreglur

<http://www.mtr.is/is/skolinn/skolareglur/umgengnisreglur> (Útg. 20.08.2011)

- ▲ skólasóknarreglur  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/skolareglur/skolasoknarreglur> (Endurskoðað 09.01.2013)
- ▲ tölvureglur  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/skolareglur/tolvureglur> (Útg. 20.08.2011)
- ▲ reglur vegna vímuefna  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/skolareglur/reglur-vegna-vimuefna> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)
- ▲ viðbragðsáætlun vegna eineltismála  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/aaetlun-vegna-eineltismala> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)
- ▲ reglur um meðferð heimilda  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/skolareglur/reglur-um-medferd-heimilda> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)
- ▲ forvarnarstefna  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/forvarnarstefna> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)
- ▲ jafnréttisáætlun  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/jafnrettisaaetlun> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)
- ▲ lýðheilsustefna  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/lydheilsustefna> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)
- ▲ móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/mottokuaetlun-fyrir-nemendur-med-annad-modurmal-en-islensku> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)
- ▲ sjálfsmatsáætlun  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/sjalfsmatsaaetlun> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)
- ▲ starfsmannastefna  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/starfsmannastefna> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)
- ▲ viðbrögð við áföllum  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/vidbrogd-vid-afollum> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)
- ▲ rýmingaráætlun  
<http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/rymingaraetlun> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)

Þessir þættir hafa verið bornir undir þar til bæra aðila eftir því sem við á; skólanefnd, foreldraráð og nemendur.

### c. Innritun og brotthvarf

Innritunarreglur er að finna á vef skólans <http://www.mtr.is/is/skolinn/innritun> (Endurskoðað 09.01.13)

#### Brotthvarf

Skólinn hóf störf haustið 2010 og voru nemendurnir með mismikið fyrra nám, brottfall úr öðrum skólum og nýnemar úr grunnskóla. Veturinn áður höfðu verið starfandi fjarnámssetur í Siglufirði og Ólafsfirði. Talið er að erfitt sé að meta brottfall fyrr en liðin eru 2 ár frá stofnun skólans og hægt að setja fram með mælanlegum eða metanlegum verkfærum hvernig gengur. Tölum um brottfall hefur þó verið haldið saman og eru þær settar hér fram.

Haustið 2011 kom í ljós að 28 nemendur skiluðu sér ekki aftur til náms frá vorönn 2011. Þetta þýðir að brottfall nemenda var 35%. Þar af er vitað um 14 (18%) sem fóru til náms í öðrum skólum. Sex voru hættir námi áður en önninni lauk. Í þessum efnum varð hins vegar viðsnúningur á haustönn 2011 þar sem brottfall í dagskóla varð 7,7%. Í desember var einn nemandi útskrifaður en 7 af nemendum haustannar skiluðu sér ekki aftur á vorönn 2012 eða 8%.

#### **d. Kennslufyrirkomulag**

<http://www.mtr.is/is/skolinn> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)

<http://www.mtr.is/is/skolinn/throunarverkefni-mtr-2010-2011> (Endurskoðað 1. október 2012)

#### **e. Nemendur með sérþarfir**

Við skólann er starfsbraut og er hér lýsing á henni

<http://www.mtr.is/is/namid/namsbrautir/starfsbraut> (Seinast breytt 11. febrúar 2013)

Nám og kennsla er skipulögð með þeim hætti að nemendur með sérþarfir geta fengið aukna aðstoð í 6 verkefnatímum yfir vikuna. Boðið er upp á séráfangi í íslensku, stærðfræði og ensku fyrir þá sem koma vanbúnir úr grunnskóla. Sálfræðingur er til viðtals hálfsmánaðarlega, námsráðgjafi er við skólans og aðgengi að heilsugæslu í nágrenni skólans.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku má finna á vef skólans á <http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/mottokuaetlun-fyrir-nemendur-med-annad-modurmal-en-islensku> (Endurskoðað 12. febrúar 2013)

#### **f. Mat og eftirlit með gæðum**

Menntaskólinn á Tröllaskaga framkvæmir kerfisbundið innra mat á árangri og gæðum í samræmi við 41. gr. laga um framhaldsskóla, reglugerð á grundvelli 42. gr. laganna og ákvæði í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Niðurstöður matsins eru birtar í árlegri skýrslu um sjálfsmat sem birt er á vef skólans, <http://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/sjalfsmatsaaetlun>. Þar er einnig birt verk- og framkvæmdáætlun innra mats til þriggja ára í senn.

Ekkert ytra mat hefur enn verið gert á skólanum.

#### **4. Sérstök rekstrarverkefni**

Engin.

#### **5. Markmið og tímabundin verkefni**

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

**a. Markmið**

Markmið MTR eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt.

**b. Tímabundin verkefni**

Tímabundin verkefni MTR styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytis eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst. Sjá viðauka.

**6. Samskipti**

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur MTR. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

**a. Menntaskólinn á Tröllaskaga**

- ▲ Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- ▲ Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- ▲ Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- ▲ Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- ▲ Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- ▲ Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- ▲ Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- ▲ Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- ▲ Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- ▲ Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykktu áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávíka og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

**b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

- ▲ Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- ▲ Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- ▲ Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- ▲ Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- ▲ Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- ▲ Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.

- ▲ Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- ▲ Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

## 7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2014.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

*Reykjavík 21/3 2013*  
Staður og dagsetning

*Katrín Jakubsdóttir*  
Mennta- og menningarmálaráðherra

*[Handwritten Signature]*  
Skólameistari

## Viðauki við skólasamning fyrir 2013 og 2014 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntaskólans á Tröllaskaga

### A. Markmið

- ▲ *Virkir og sjálfstæðir nemendur á samningstímanum sem*
  - ▲ eru virkir í verkefnavinnu (yfir 90% skili verkefnum á réttum tíma).
  - ▲ líður vel í skólanum (85% líði mjög vel eða vel).
  - ▲ hverfa síður frá námi (brottfall sé undir 20%).
  
- ▲ *Námsframboð á samningstímanum sé fjölbreytt þannig að*
  - ▲ nemendur finni nám við hæfi (með auknu námsframboði).
  - ▲ nemendur séu sjálfstæðir, skapandi og með frumkvæði (sýni afrakstur a.m.k. einu sinni á sýningu á námstíma sínum).
  - ▲ samstarf við aðra framhaldsskóla verði fest í sessi með það að markmiði að efla námsframboð (FNV og FSN í fisktækni, FNV og FAS í útivist).
  - ▲ fjarkennsla í umhverfis- og auðlindafræði verði fest í sessi (samstarf FAS, FSN og ME)
  - ▲ fengin verði fjarkennsla frá VÍ og fleiri í áföngum sem ekki tekst að manna.
  - ▲ áfangaframboð skólans sé tryggt með fjarnemum í almennum áföngum dagskóla.
  
- ▲ *Kennsla sé skapandi og faglegur metnaður eflður á samningstímanum með því að kennarar*
  - ▲ eigi kost á að þróa faglegan metnað sinn (námskeið, búnaður, sveigjanleiki í starfi) mælt í starfsmannasamtali.
  - ▲ noti fjölbreyttar kennsluáðferðir (85% nemenda telji kennsluhætti fjölbreytta).
  - ▲ séu ánægðir í starfi (85% kennara).
  
- ▲ *Stjórnendur séu virkir í starfsemi skólans í þjónustuhlutverki á samningstímanum með því að*
  - ▲ kenna (að minnsta kosti 2. hverja önn).
  - ▲ tryggja að starfsmenn taki þátt í þróun skólans (90% starfsmanna telji svo vera).
  - ▲ tryggja að verklagsreglur séu aðgengilegar og þær séu endurskoðaðar árlega.
  
- ▲ *Fjármál skólans séu í jafnvægi á samningstímanum*
  - ▲ rekstur sé innan fjárhagsáætlunar á hverju skólaári.
  - ▲ aðstaða og búnaður séu til fyrirmyndar (90% kennara telji að svo sé).
  
- ▲ *Samstarf og virkni séu í góðu horfi á samningstímanum með*
  - ▲ sýningu listar og frumkvöðlaverkefna á hverri önn.
  - ▲ samstarfi við fyrirtæki og félagasamtök (kynningar, fyrirlestrar eða formlegt samstarf).
  - ▲ samstarfi við aðra framhaldsskóla (á hverju skólaári).
  - ▲ samstarfi við grunnskóla í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð.
  - ▲ samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar.
  - ▲ erlendu samstarfi frá skólaárinu 2014-2015.